



## EPLI (*MALUS*)

### INNGANGUR

Eplarækt á Íslandi kann að virðast fjarlægur draumur, en reynsla áhugasamra ræktenda sýnir að svo þarf ekki að vera. Með því að velja rétt yrki og skapa ákjósanleg skilyrði má ná mjög áhugaverðum árangri í eplarækt á okkar norðlæga landi.



## SKILYRÐI TIL RÆKTUNAR

Jarðvegur þarf að vera loftríkur og frjór. Gott er að blanda húsdýraáburði í jarðveg sé hann snauður. Áburð þarf að gefa í jarðveg að vori, nota húsdýraáburð og blákorn. Gott að gefa uppleystan áburð vikulega út vaxtartímabilið. Nægileg vökvun er lykilatriði.

Eplatrjám þarf að velja sólríkan stað, helst í skjólgóðum garði. Suður- og suðvestur svæði í garði er best þannig að morgunsólin nái ekki að skína á trén of snemma eftir frostnætur.

Ungum trjám er gott að skýla fyrsta veturinn með því að slá upp skýli úr striga utan um tréð. Eins getur verið gagnlegt að nota gras, grenigreinar, kurl eða annað sem þekjulag á rætur, það hlífir fyrir frosti og varnar frostlyftingu hjá ungum trjám, sérstaklega fyrsta veturinn.



## UMHIRÐA

Krónu eplatrjáa þarf að grisja. Þetta er gert til að nægileg sól komist að blómumum og ávextir geti myndast. Vexti trjáanna getur þurft að halda í skefjum, þannig að auðvelt sé að hirða um þau og tína ávextina. Greinar eru þá styttrar snemma vors, í þurru veðri en frostlausu, eða síðsumars á meðan vöxtur er í trjámum. Yrki eru mishá og er rétt að hafa það í huga þegar unglönturnar eru valdar.



Í eplarækt eru notuð ágrædd tré, það er, á harðgera rót er grædd grein af tré sem gefur góðan ávöxt. Hægt er að fá tré sem tvö eða þrjú mismunandi yrki hafa verið grædd á. Þetta eru kölluð fjölskyldutré. Þessi tré geta staðið ein og sér í garði, þar sem þau eru ekki háð því að frjó berist frá öðru tré. Ef ekki er um fjölskyldutré að ræða, þarf að hafa 2-3 tré í sama garði til að tryggja frjóvgun. Býflugur gegna lykilhlutverki í frjóvguninni. Með því að rækta blóm í garðinum má laða þær að. Eins getur aðkeypt býflugnabú eins og notuð eru til að tryggja frjóvgun í gróðurhúsum verið góð lausn.



## UPPSKERA

Þegar innflutt tré er keypt í gróðrarstöð, blómstrar það venjulega samsumars en síðan geta liðið 2-3 sumur án þess að tréð blómstri. Þetta stafar af því að tréð myndaði blómhnappana sumarið áður, en fyrstu sumrin á nýja staðnum er það að aðlagast nýjum aðstæðum og nær ekki að mynda blóm. Á þriðja eða fjórða ári ætti það svo að blómstra og jafnvel bera ávöxt. Eftir það getur tréð borið ávöxt árlega.



Þegar tré hefur náð góðum þroska sýnir reynslan sem fengin er af eplarækt á Íslandi að eitt tré getur gefið allt að 10 kílóum af fullþroska eplum. Áður en eplatré er valið er rétt að hugleiða hvers konar epli ræktandinn vill fá af trénu sínu. Bragðgæði og geymsluþol eplanna ræðst fyrst og fremst af yrkjunum sem notuð eru. Gróðrarstöðvar sem selja eplatré ættu að hafa upplýsingar um hvers konar epli hvert yrki gefur.

## HELSTU HINDRANIR

Meindýr eru ekki mikið vandamál í ræktuninni. Fiðrildalirfur sækja í trén en við því má bregðast með vistvænum aðferðum, nota flórína olíu, eða blöndu af grænsápu, matarolíu og brenninetlu (hún fæst þurrkuð í gróðrarstöðvum). Úða þarf vikulega framan af sumri en forðast að úða á blómin sjálf. Í versta falli má nota tilbúin lyf snemmsumars.

Reyniáta getur lagst á eplatré, en ekki er ástæða til að láta nærveru reynitrijáa hindra sig í að rækta eplatré.

Eplatré geta átt það til að fara of snemma á stað með vöxt að vori, það getur orsakað lítilsháttar kal, sem þá er klippt í burtu.



Prestir eiga það til, einkum ungarnir, að gogga í eplin, en það eru ekki mikil brögð að því. Fuglarnir gera hins vegar gagn í eplaræktinni með því að tína lirfur af trjánum.

Nota má akryldúk eða úðun til að verjast frosti stöku frostnótt.

## ER OF KALT Á ÍSLANDI FYRIR EPLARÆKT?

Epli eru harðger ávöxtur sem vex við margbreytileg skilyrði. Hvorki vor- né haustfrost virðast ógna eplarækt verulega, a.m.k. ekki á Suðurlandi, enda þola mörg góð eplayrki vel frost. Eplayrki frá Kanada, Rússlandi, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og víðar hafa verið reynd hér og gefist vel. Víða í þéttbýli og þar sem skógar veita skjól, myndast staðbundnar aðstæður sem bæta vaxtarskilyrði til muna.



Á Hellu og á Akranesi og e.t.v. víðar hafa áhugasamir ræktendur náð góðum árangri í eplarækt á undanförmum árum. Því fleiri ræktendur sem reyna fyrir sér í eplarækt, því meiri reynsla og þekking verður til um möguleika eplaræktar á Íslandi. Nokkrar gróðrarstöðvar selja eplatré, bæði innflutt og ágrædd hér á landi. Þar fást upplýsingar um yrki sem henta, hæð trjánna og eiginleika ávaxtanna.

Blómstrandi eplatré er fögur sjón að sjá. Fullþroska epli á laufguðum meiði hafa löngum freistað mannkynsins. Hver veit nema slíkar freistingar eigi í vaxandi mæli eftir að mæta okkur hér á Fróni í náninni framtíð?

ISSN 1605-5020



9 771605 502008

# Karl Eiríksson

PRENTSMÍÐJAN  
**VIÐEY**  
Smíðjuvegur 18 (rauð gata)

SUÐURLANDSSKÓGAR



Höfundur: Hjördís B. Ásgeirsdóttir. Aðal heimildarmaður: Sæmundur Guðmundsson.  
Teikningar: Helgi Þórsson. Prentvinnsla: Viðey ehf.  
Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands, Skúlatúni 6, 105 Reykjavík. [www.skog.is](http://www.skog.is)